



B 335/holdbart

Afgreiðsla Norræna sjálfbærninefndin

Nefndarálit norrænu sjálfbærninefndarinnar um
**ráðherranefndartillögu um samstarfsáætlun Norrænu
ráðherranefndarinnar um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og
skógrækt, FJLS, 2021-2024**

Tillaga

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún hrindi í framkvæmd samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt, FJLS, 2021-2024 og taki tillit til sjónarmiða Norðurlandaráðs sem fram koma í nefndarálitinu við undirbúning og framkvæmd aðgerða.

Bakgrunnur

Norræna sjálfbærninefndin og norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin fengu kynningu ráðherranefndarinnar á drögum að samstarfsáætlun FJLS-sviðsins á sumarfundum nefndanna 26. júní 2020.

Norræna sjálfbærninefndin lagði þá til að eftirfarandi þættir kæmu fram í samstarfsáætluninni:

- aukin áhersla á hlutverk og þátttöku ungs fólks í ákvarðanatökum og starfi;
- að matarsóun er mikilvægur málaflokkur og því ber að nefna samfelldar langtímaaðgerðir;
- að vistferilsnálgun verði tilgreind og þróuð í ýmis konar framleiðsluflæði, þ.m.t. loftslagsspor og álag á náttúruauðlindir af völdum verðmætakeðja;
- mat á afleiðingum COVID-19 faraldursins á stefnumótandi áherslusviðum samstarfsáætlunarinnar;
- mikilvægi aðgerða gegn sýklalyfjaónæmi verði undirstrikað.

Samstarfsáætlunin liggur nú fyrir en þar er fylgt eftir framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir 2030 um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims. Einnig er tekið mið af stefnumarkandi áherslum framtíðarsýnarinnar á Græn Norðurlönd, Samkeppnisfær Norðurlönd og Félagslega sjálfbær Norðurlönd.



Verksvið MR-FJLS er þverfaglegt en það eru hinir lífgrunduðu atvinnuvegir, fiskveiðar og fiskeldi, landbúnaður, matvæli og skógrækt. FJLS-sviðið hyggst tengja þessa málaflokka betur saman og skapa samlegð þeirra á milli. Á næstu fjórum árum verður samstarf eflt um þróun á sjálfbæru og verðmætaskapandi lífhagkerfi á Norðurlöndum og að skapa sjálfbær og örugg matvælakerfi. Áherslur á árunum 2021-2024 verða sem hér segir:

- Heildræn stjórnun á norrænum auðlindum. Í því felst að efla og auka auðlindanýtni og efnahagslega verðmætasköpun, aðlögun að loftslagsbreytingum og loftslagslausnir sem koma í veg fyrir hnignun líffræðilegrar fjölbreytni.
- Sjálfbært lífhagkerfi sem drifkraftur hagvaxtar og þróunar. Stefnt er að því að efla samstarf um lífhagkerfi, þ.m.t. að skapa jarðveg fyrir nýja tækni, beina sjónum að því hvernig lífhagkerfi getur verið drifkraftur hagvaxtar og grænna umskipta í dreifbýli og hrinda í framkvæmd verkefni um sjálfbært sjávarhagkerfi.
- Auka viðnámsþol og minnka loftslagsáhrif. Verkefnið er unnið í framhaldi af starfi sem tengist aðlögun að loftslagsbreytingum og aðgerðum til að draga úr losun, þar á meðal kortlagningu á losun sem á sér stað í umræddum atvinnugreinum. Einnig má nefna tillögur um hvernig draga má úr losun með því að auka lífræna kolefnisgeymslu, tryggja líffræðilega fjölbreytni og efla aðlögun að loftslagsbreytingum. Ógleymdur er stuðningur við rannsóknir og fræðslu um ræktunar- og rekstrarkerfi sem geta haft jákvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni, umhverfið og loftslagsmál svo og aukin framlög til lausna á hafi úti.
- Erfðaauðlindir. Í starfi Norrænu erfðaauðlindastofnunarinnar, NordGen, halda Norðurlöndin áfram að bera kennsl á og meta fræsafnið, efla líffræðilega fjölbreytni gróðuræktar og búfjár á Norðurlöndum og styðja starf í löndunum að kynbótum á harðgerum og loftslagsvænum landbúnaðarplöntum og -skepnum
- Örugg matvæli, holl fæða og matarlyst. Áfram verður lögð áhersla á að skiptast á reynslu, bæta samkeppnisstöðu Norðurlanda með því að samræma innleiðingu ESB-gerða, framkvæma verkefni um sjálfbæra lífshætti og byggja áfram á samstarfi um Nýja norræna matargerð og þróa það enn frekar. Samvinnan mun hverfast um norrænu næringarráðleggingarnar (NNR) með sameiginlegri aðgerðaáætlun og eftirliti og sameiginlegu næringarmerki, Skráargatinu.

Í samstarfsáætluninni er lögð áhersla á alþjóðasamstarf. Alþjóðastarfið fer meðal annars fram gegnum Eystrasaltsstefnu ESB, með stuðningi við Large Ocean Nations-verkefnið og framlögum á alþjóðlegum viðburðum, t.a.m. leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna um matvælakeðjur (2021), alþjóðlegum leiðtogafundi um lífhagkerfi, loftslagsráðstefnum Sameinuðu þjóðanna (COP) og ráðstefnum um líffræðilega fjölbreytni (CBD).



Í áætluninni er lögð áhersla á jafnrétti og málefni barna og ungmenna og hafist er handa við að auka inngildingu ungs fólks í starfi og ákvarðanatökum á umræddum sviðum. Í því felst m.a. í stjórnarsetu fulltrúa ungs fólks hjá Samnorrænum skógarannsóknnum, markvissum viðburðum (matchmaking days), þátttöku fulltrúa ungs fólks á alþjóðlegum viðburðum og samstarfi við grunnskóla og leikskóla um gerð námsefnis. Sú áhersla mun halda áfram.

Sjónarmið nefndarinnar

Norræna sjálfbærninefndin og norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin þakka fyrir gott samstarf við gerð samstarfsáætlunar FJLS-sviðsins 2021-2024 en fyrstu drög að henni voru kynnt fyrir nefndunum á sumarfundum þeirra í júní 2020. Nefndunum fengu góðan fyrirvara til að tjá sig um samstarfsáætlunina.

Það er nefndunum gleðiefni að í áætluninni er lögð áhersla á að skapa samlegð milli geira og þróa lausnir út frá heildrænni hugsun þar sem tekið er tillit til loftslagsmála og líffræðilegrar fjölbreytni. Þetta skiptir máli, ekki síst til að tryggja sjálfbæra langtímaþróun þar sem tekið er tillit til líffræðilegrar fjölbreytni og loftslagsmála. Þá telja nefndirnar jákvætt og bera vott um framsýni að í áætluninni er fjallað um vinnu með ræktunar- og rekstrarkerfi sem geta haft jákvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni, umhverfið og loftslag og að áform eru um að efla og auka framlög til lausna á hafi úti.

Nefndirnar telja afar jákvætt að samstarfsáætlunin leggi áherslu á jafnrétti og málefni barna og ungmenna. FJLS hefur ýtt ýmsum verkefnum úr vör með þátttöku barna og ungmenna í starfi og mikilvægum ákvarðanatökum og mun þetta starf halda áfram. Norræna sjálfbærninefndin vinnur markvisst með heimsmarkmið 16 um lýðræði, þ.m.t. að tryggja þátttakendamiðaða og gagnsæja ákvarðanatöku. Nefndin sér kosti í að skiptast á reynslu og eiga samstarf um þátttöku barna og ungmenna við innleiðingu samstarfsáætlunarinnar.

Nefndirnar gera eftirfarandi athugasemdir sem æskilegt væri að ráðherranefndin tæki tillit til við undirbúning og framkvæmd aðgerða á gildistíma áætlunarinnar.

Varðandi sjálfbært sjávarhagkerfi telja nefndirnar að samstarfsáætlunin ætti að tengjast betur samstarfsáætlun ráðherranefndarinnar um umhverfis- og loftslagsmál og vinnuhópi um hafið og strandsvæði (NHK). Enn fremur ætti áætlunin að taka afstöðu til þess að stöðva hnignun líffræðilegrar fjölbreytni, einnig í hafinu.

Nefndirnar sjá að samstarfsáætlunin gæti vel brugðist við súrnun sjávar, þ.m.t. félags- og efnahagslegum afleiðingum af völdum hennar og tekið fram hvernig löndin gætu unnið saman að þeim málum. Þá telja nefndirnar Norðurlöndin gegna mikilvægu hlutverki á alþjóðavettvangi hvað varðar að vekja athygli á mikilvægi samstarfs um og skilnings á sjálfbærri stjórnun hafins. Norðurlöndin gætu enn fremur haft hag af því að nýta sér starf alþjóðlegrar leiðtoganefndar um sjálfbært sjávarhagkerfi sem forsætisráðherra Noregs leiðir. Þá geta Norðurlöndin beitt sér sameiginlega fyrir því að gerður verði bindandi samningur undir Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna um verndun erfðaauðlinda utan lögsögu ríkja (BBNJ-starfið).



Nefndirnar óska einnig eftir því samstarfsáætlunin leggi meiri áherslu á örplast í hafinu og afleiðingar þess fyrir matvælaöryggi og -heilsu.

Norðurlöndum, 26. janúar 2021

<i>Anders Kronborg (S)</i>	<i>Anders Eriksson (ÅF)</i>
<i>Anna-Kaisa Ikonen (saml)</i>	<i>Arman Teimouri (L)</i>
<i>Cecilie Tenfjord-Toftby (M)</i>	<i>Eveliina Heinäluoma (sd)</i>
<i>Doris J. Jensen (S)</i>	<i>Freddy André Øvstegård (SV)</i>
<i>Emilia Töyrä (S)</i>	<i>Helge André Njåstad (FrP)</i>
<i>Ingalill Olsen (A)</i>	<i>Joakim Strand (sv)</i>
<i>Janine Alm Ericson (MP)</i>	<i>Juhana Vartiainen (saml)</i>
<i>Ketil Kjenseth (V)</i>	<i>Lorena Delgado Varas (V)</i>
<i>Kolbeinn Óttarsson Proppé (VG)</i>	<i>Lulu Ranne (saf)</i>
<i>Magnus Ek (C)</i>	<i>Mette Hjerminde Dencker (DF)</i>
<i>Ole André Myhrvold (Sp)</i>	<i>Nils Aage Jegstad (H)</i>
<i>Simon Holmström (HI)</i>	<i>Orla Hav (S)</i>
<i>Sofia Geisler (IA)</i>	<i>Pyry Niemi (S)</i>
<i>Staffan Eklöf (SD)</i>	<i>Pål Jonson (M)</i>
<i>Vilhelm Junnila (saf)</i>	<i>Ruth Mari Grung (A)</i>
<i>Vilhjálmur Árnason (Sj.)</i>	<i>Stein Erik Lauvås (A)</i>
	<i>Torhild Bransdal (KrF)</i>